

TENGJUMST TIL AÐ ENDURSPÆGLA JESÚ



lært af vínviðnum

10 daga rannsókn á því
að vera lærisveinn
út frá Jóhannesi 15.1-17

reflectingjesus.org



Til hvers postuladómur?

Ástæðan fyrir því hvers vegna það er svo mikilvægt



Lokaorð Jesú

Og Jesús gekk til þeirra, talaði við þá og sagði: "Allt vald er mér gefið á himni og jörðu. Farið því og gjörið allar þjóðir að lærisveinum, skírið þá í nafni föður, sonar og heilags anda, og kennið þeim að halda allt það, sem ég hef boðið yður. Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar." Matteus 28:18-20.

Þetta eru síðustu orðin sem Jesús mælti til lærisveina sína um leið og hann steig upp til himna. Kjarni þeirra er skipunin „farið og gjörið allar þjóðir að lærisveinum.“

Taktu eftir því að Jesús vildi ekki að þeir sem hann skildi eftir á jörðinni legðu fyrst áherslu á það að skíra fólk, heldur vildi hann að þeir gerðu aðra að lærisveinum. Síðan væri hægt að skíra lærisveinana.



Vandamál þess að skíra fólk sem ekki er orðið lærisveinar

Því miður hafa margir verið skírðir áður en þeir urðu lærisveinar. Þetta hefur margar hryggilegar afleiðingar í för með sér. Margir þeirra sem skírast læra aldrei neitt um það að vera lærisveinn og telja að þar sem þeir trú á tilvist Guðs og krossdauða Krists sé það þeim nóg til að koma þeim til himna. Svo er því miður

TENGJUMST TIL AÐ ENDURSPUGLA JESÚ

ekki, því við förum ekki til himna vegna þess að við höfum meðtekið viss sannindi, heldur vegna þess að að við höfum ræktað samfélag við þann sem er Sannleikurinn.

Aðrir reyna að lifa hinu kristna lífi en kristindómurinn er þeim samt tómar kennisetningar og Guð virðist fjartægur. Þó Biblían lofi umbreyttu lífi er það ekki reynsla þeirra. Þeim finnst Jesús vera mikilvægur, en hann verður aldrei náinn vinur þeirra. Þetta getur skapað fólk og leiðir oft til lögmálsþrælkunar og sjálfsgagnrýni sem og gagnrýni í garð annarra. Þeir sem upplifa þetta eru í örvæntingu sinni að reyna að feta í fótspor Jesú án þess að hafa mátt hans til ferðarinnar. En þann mátt öðlast maðurinn aðeins þegar samband hans við Jesú verður raunverulegt og stöðugt. Að lokum verða margir svo reiðir að þeir yfirgefa söfnuðinn eða hafna Guði algjörlega. Og þetta er að gerast aftur og aftur.



Þetta þér í hug önnur vandamál sem geta komið í kjölfar þess að fólk skírast áður en það lærir að vera lærisveinar Jesú?



Postuladómur samkvæmt Jóhannes 15.1-17

Hvernig getum við svo skilið hvað felst í því að vera lærisveinn? Það hefði verið mjög gagnlegt ef Jesús hefði samið 10 atriða plan til þess að verða lærisveinn, en því miður er ekkert slíkt að finna í Biblíunni. Þess í stað hefur Biblían að geyma alls kyns lýsingar, dæmisögur, myndir og tákni til að hjálpa okkur að skilja þetta mikilvæga málefni. Í þessari dagbók ætlum við að líta á eitt sérstakt tákni sem Jesús notar til að útskýra hvað það er að

LÆRT AF VÍNVIÐNUM

vera lærisveinn. Þetta er dæmisagan um vínviðinn sem er að finna í Jóhannesi 15.1-17.



Áður en þú heldur áfram skaltu lesa Jóhannes 15.1-17.

Um þessa dæmisögu hefur mikið verið ritað. En í næstu þrem köflum munum við líta á hvaða grundvallarreglur um það að vera lærisveinn Jesú er að finna í sögunni, svo samband okkar við Jesú geti verið raunverulegt og náð í lífi okkar í dag.



Nú hefurðu lesið Jóhannes 15.1-17. Hvernig myndir þú skilgreina það að vera lærisveinn Jesú?



Markmið postuladóms

Markmið postuladóms er að endurspegla myndiseinkunn Jesú



Hver er tilgangur vínviðarins?

Jesús segir: „Ég er vínviðurinn, þér eruð greinarnar. Sá ber mikinn ávöxt, sem er í mér og ég í honum. ...” (Jóhannes 15.5). Jesús lýkur síðan með orðunum: „Ég hef ákvarðað yður til að fara og bera ávöxt, ávöxt, sem varir.” (Jóhannes 15.16). Það er augljóst að tilgangurinn með tilvist vínviðarins er eingöngu sá að bera ávöxt.



Hvað telur þú ávöxtfinn vera, samkvæmt Jóhannesi 15.1-17?

Jesús segir: „Með því vegsamast faðir minn, að þér berið mikinn ávöxt, og verðið lærisveinar mínir.” (Jóhannes 15.8). Með þessu segir Jesús að þegar við segjum öðrum að við séum Kristin muni sjálfkrafa viðbrögð þeirra vera: „Auðvitað! Ég vissi að það væri æðri máttur til staðar í lífi þínu!”



Hvernig fólk sér Guð í okkur

En hvernig mun fólk taka eftir því? Hugsaðu um fjölskylduna þína. Hvernig getur fólk greint að þú sért skyldur foreldrum þínum eða systkinum? Fólk getur oft séð skyldleikann í andlitinu, hegðun þinni eða gjörðum – áður en þú hefur sagt eitt aukatekið orð. Það sama á við um okkur og Jesú. Andlit og hjarta Jesú mun vera andlit og hjarta lærisveina hans.

Svo við tölum um hinn raunverulega vínvið, þá fer safinn sem heldur vínviðnum lifandi upp stofninn og streymir út í allar greinarnar. Það er vegna þess að þessi safi streymir til greinanna að vínberin fara að vaxa – ekki epli eða tómatar. Þegar við erum tengd Jesú eins og greinarnar eru tengdar vínviðnum mun eðli hans einnig streyma inn í okkur. Afleiðing þess mun verða sú að við munum bera ávöxt sem líkist honum – við munum birta þolinmæði hans, fórnfýsi, samúð, o.s.frv. Við munum hafa eðli hans hið innra með okkur. Óhjákvæmileg afleiðing þess er að við munum endurspegla lyndiseinkunn hans. Þetta er ávöxturinn sem Faðirinn leitar eftir.



Hvert hefur markmið þitt í lífinu verið hingað til? Hvernig hefur mikilvægi þess að endurspegla lyndiseinkunn Jesú áhrif á líf þitt og markmið?



Ávöxtur postuladóms

**Það er Föðurnum til vegsemdar
að við séum lærisveinar Jesú**



Afleiðing þess að bera ávöxt

Hverjar eru afleiðingar þess að við séum lærisveinar Jesú og berum „mikinn ávöxt“ – endurspeglum sannarlega lyndiseinkunn Jesú? Í áttunda versinu segir Jesús: „ Með því vegsamast faðir minn, að þér berið mikinn ávöxt, og verðið lærisveinar mínir.“ Taktu eftir því að ávöxturinn er Föður okkar til vegsemdar.



Lestu Jóhannes 15.8 í þinni eigin Biblíu. Hvaða merkingu telur þú það hafa að vegsama Föðurinn, og hvers vegna er þetta Jesú svona mikilvægt?



Hvers vegna Faðirinn er vegsamaður

Eins og við munum skoða betur í síðari kafla, er gleði ein stórkostlegasta persónulega afleiðing þess að endurspeglu Jesú. Við upplifum gleði og það sama á við um Guð! Hins vegar, í ljósi syndarinnar og þeirrar baráttu sem Satan hefur háð gegn Guði, er Faðir okkar vegsamaður eða heiðraður til fullnustu þegar við endurspeglum lyndiseinkunn Jesú vegna þess að það staðfestir fyrir öllum að Guð er sá sem hann segist vera – Guð kærleika og friðar.

Lítum bara á bakgrunn þessarar Biblíusögu í svipinn. Þegar Jesús skapaði heiminn (Kólossubréfið 1:16) skapaði hann okkur með þann tilgang í huga að við myndum lifa í nánu sambandi við hann. Rétt eins og Adam og Eva vorum við sköpuð til að lifa í sýnilegri nærveru Guðs, svo við gætum talað við hann augliti til auglitis. En sorgin er sú að freistingin sem Adam og Eva féllu í rauf hið nána samband okkar við Guð.

Í gegnum alla mannkynssöguna hafa Satan og englar hans barist á móti Guði og englum hans. Satan þráir að ríkja í Guðs stað (Jes 14:12-14) og rétt eins og hann fékk Adam og Evu til að falla í synd reynir hann að fá alla sem fæðast hér á jörð til fylgis við sig gegn Guði. Allt frá þeim degi þegar Satan freistaði Evu með orðunum „Er það satt, að Guð hafi sagt?“ (1. Mósebók 3:1) hefur hann reynt að fá okkur öll til að draga orð Guðs í efa – reynt að fá okkur til þess að draga það í efa að Guð sé kærleiksríkur, náðugur og fullur samúðar og þrái að við munum lifa með honum á himnum. Það sem meira er, það getur verið að á okkar dögum sé mesta freisting Satans sú að fá okkur til að draga sjálfa tilvist Guðs í efa – að Guð sé hreinlega ekki til yfirhöfuð.



Hvernig vegsömum við Föðurinn

Þegar við endurspeglum lyndiseinkunn Jesú heiðrum við Guð á tvennan hátt:

TENGJUMST TIL AÐ ENDURSPUGLA JESÚ

- 1. Guð er vegsamaður frammi fyrir alheiminum.** Það er svo mikilvægt að hafa í huga að áður en Satan yfirgaf himininn sakaði hann Guð frammi fyrir öllum alheiminum um að vera ósanngjarn og elskulaus, og að öllum væri hollara að fylgja honum. Þegar við svo endurspeglum kærleika, gleði og frið lyndiseinkunnar Guðs verður líf okkar sönnun þess frammi fyrir alheiminum að Satan er lygari.
- 2. Guð er vegsamaður frammi fyrir mönnum.** Þegar við endurspeglum lyndiseinkunn Jesú í daglegu lífi mun fólk sjá að Guð er hvorki dauður né strangur eins og Satan segir að hann sé, heldur raunverulegur, lifandi og fullur kærleika til manna. Þegar líf okkar opinberar kærleika Guðs sem er í hjarta okkar mun líf okkar um leið verða vitnisburður öðrum til vonar. Þó heimurinn okkar og framtíð hans sé í öruggum höndum Guðs virðast Satan og englar hans samt ráða ríkjum og þegar við lítum í kringum okkur virðist lífið vera um von. En sú kristna sál sem í lífi sínu endurspeglar Jesú mun vera „eins og ljós í heiminum.“ (Filippibréfið 2:15). Slíkt líf mun laða aðra til þeirrar vonar sem við höfum, sem er að Faðirinn er hinn sanni, lifandi Guð.

Þessi mótáhrif gegn áhrifum Satans tel ég vera ástæðu þess að Ellen White skrifaði:

„Hið mesta starf sem hægt er að framkvæma í heimi okkar er að vegsama Guð með því að lifa lyndiseinkunn Krists.“ 6 Testimonies, 440



Hefur þú lítið á líf þitt sem vitnisburð Föðurnum til dýrðar, augljós öllum alheiminum? Hvaða áhrif hefur slík hugsun á líf þitt persónulega?



Hvernig er maður lærisveinn

Endurspeglun lyndiseinkunnar
Jesú er ósjálfráð þegar við erum
tengd honum



Nauðsyn þess að „dvelja“

Taktu eftir því mikilvæga atriði að í dæmisögunni um vínviðinn segir Jesús lærisveinum sínum ekki að fara og bera ávöxt, heldur brýnir hann fyrir þeim að vera stöðugir í sér. Gríska orðið fyrir 'dvelja, vera stöðugur' kemur fyrir 11 sinnum í þessum kafla, og 40 sinnum í Jóhannesarguðspjalli. Jesús er að undirstrika það að ávöxturinn kemur eðlilega í kjölfar þess að vera stöðugt tengdur Kristi.



Finndu öll versin í Jóhannesi 15 þar sem orðin „vera í“ og „vera stöðugur í“ koma fyrir. Hvað segja þessi vers okkur um hvernig það er að vera lærisveinn?



Hvað gerist þegar við „dveljum“ ekki

Ef við reynum að bera ávöxt án þess að tengjast honum fyrst munum við ergjast mikið því það er engin tenging milli okkar og

TENGJUMST TIL AÐ ENDURSPUGLA JESÚ

Krist sem kraftur hans getur streymt um til okkar. Við munum þá standa frammi fyrir markmiði sem aldrei næst. Jesús segir okkur að leggja aðaláhersluna á að tengjast honum svo máttur hans geti ósjálfrátt flætt til okkar, svo við öðlumst líf og berum ávöxt.



Dæmi um þessa tengingu

Að tengjast Jesú er eins og raflampi sem er tengdur við vegg. Sé lampinn tekinn úr sambandi slokknar ljósið um leið. Það er hinsvegar freistandi að álíta sig frekar eins og bíl sem gengur fyrir rafhlöðum, sem þarf að hlaða til að byrja með, en getur síðan keyrt eins og hann lystir þar til batteríin verða tóm.

Við tengjumst Jesú um morguninn og höldum að það veiti okkur mátt fyrir allan daginn. En um leið og bíllinn er tekinn úr sambandi við hleðslutækið fara rafhlöðurnar að tæmast. Sé því þannig farið með okkur getum við auðveldlega fengið skell þegar við mætum einhverjum vanda yfir daginn.

Þannig er því farið með okkur. Við munum aðeins endurspegla lyndiseinkunn Jesú þegar við erum tengd honum – þeim eina sem getur veitt okkur lyndiseinkunn sína. Um leið og greinin er tekin af vínviðnum fer hún og ávöxturinn að deyja. Fyrst um sinn getur ávöxturinn virst heilbrigður, en innvortis er hann þegar farinn að rotna. Þess vegna ítrekar Jesús: „Án mín getið þér alls ekkert gjört.“ (Jóhannes 15:5). Tenging okkar við Jesú verður því að vera stöðug.



Þetta ætti ekki að valda streitu!

Þér finnst það e.t.v. hljóma stressandi eða erfitt. Að vissu leyti er það rétt, vegna þess að stöðug tenging við Jesú gengur þvert á þær lífsvenjur sem við höfum tamið okkur vegna syndarinnar í lífi okkar. En gæðin sem af slíkri tengingu hljófast eru ótrúleg. Sá stórkostlegi ávöxtur sem glæðir líf okkar merkingu og ber hinum

L Æ R T A F V Í N V I Ð N U M

mikla Guði okkar vitni fer að birtast í lífi okkar sjálfkrafa. Við þurfum ekki að stressast og reiðast við það að reyna að líkjast Jesú. Við þurfum aðeins að gæta þess að við séum tengd honum, og þetta ferli fer þá sjálfkrafa af stað eftir því sem eðli Jesú flæðir inn í sál okkar. Mundu eftir einföldu ljósaperunni. Hún þarf ekki að hafa fyrir því að lýsa. Það þarf aðeins að vera kveikt á rofanum og orkan mun láta ljósið skína. Því er nákvæmlega þannig farið hjá okkur.

Næsti kafli mun fjalla um það hvernig við getum tengst Jesú svo að lyndiseinkunn hans opinberist í lífi okkar.



Þar sem ávöxturinn birtist sjálfkrafa, er það þá auðvelt að vera lærisveinn Jesú? Hvernig útskýrir þú svar þitt?



Tenging 1

Að tengjast huga Jesú gegnum orð hans



Hvernig tengjumst við Jesú?

Þegar Jesús kenndi lærisveinum sínum út frá vínviðnum lagði hann ítrekað áherslu á nauðsyn hinnar nánú tengingar milli hans og þeirra með því að segja þeim „að vera stöðugir“ í sér. En hvernig tengjumst við honum? Í Jóhannesi 15 undirstrikar Jesús fjórar mikilvægar tengingar sem hjálpa okkur til þess að dvelja í honum.

Við þekkjum Jesú vegna þess að hann hefur talað til okkar. Með því að tala til okkar hefur Jesús opinberað huga sinn – hugsanir sínar og löngun hans til okkar. Þegar við skiljum þessi orð og hlýðum þeim mun hugur okkar – sem var upprunalega aftengdur frá honum vegna syndarinnar í Eden – fara að tengjast huga hans á ný. Þetta er ástæðan fyrir því að Jesús vill að orð sín lifi í okkur. Hann vill að við þekkjum áætlanir hans og áform, fyrirheitin okkur til handa, sem og gildi hans, grundvallarreglur og boðorð sem ríki hans byggist á.



Hvers vegna orð Jesú eru mikilvæg



Lestu aftur í gegnum Jóh. 15:1-17 í Biblíunni þinni. Hvað segir Jesús að orð sín geri í lífi okkar?

Orð Jesú koma mörgu til leiðar. Hér er fernt sem þau gera:

1. **Orð Jesú hreinsa okkur af synd:** „Þér eruð þegar hreinir vegna ORÐSINS sem ég hef talað til yðar.“ (3. vers)
2. **Orð Jesú eru grundvöllur þess að hljóta blessanir hans:** „Ef þér eruð í mér og orð mín eru í yður, þá biðjið um hvað sem þér viljið, og yður mun veitast það.“ (7. vers)
3. **Með því að hlýðnast orðum Jesú öðlumst við þá gleði sem er að finna í honum:** „Ef þér haldið boðorð mín, verðið þér stöðugir í elsku minni, eins og ég hef haldið BOÐORÐ föður míns og er stöðugur í elsku hans.“ (10. vers)
4. **Hlýðni við orð Jesú er grundvöllur vináttu við hann:** „Þér eruð vinir mínir, ef þér gjörðið það, sem ég BÝÐ yður.“ (14. vers)

Þú munt auðvitað taka eftir því að það að orð Jesú séu hið innra með okkur merkir ekki aðeins að þau séu í hugsun okkar einungis, heldur eiga þau að móta líferni okkar. Ef hugsanir okkar móta ekki gjörðir okkar eru þær einskisverðar.



Það er hægt að þekkja orð Jesú án þess að tengjast honum. Hvernig er það hægt, og hvað myndirðu ráðleggja þeim sem er í slíkrí stöðu?



Tenging 2

Að tengjast hjarta Jesú
með því að vera honum
nálæg(ur)



Þrá eftir sambandi

Það að vera lærisveinn felst ekki í því að lifa eftir góðri siðferðiskenningu. Það snýst um lifandi samband við persónu. Þessi reynsla felur í sér ekki aðeins hug okkar og ákvarðanir, heldur einnig hjarta okkar. Eins og Móse brýndi fyrir fólkinu: „Heyr Ísrael! Drottinn er vor Guð; hann einn er Drottinn! Þú skalt elska Drottin Guð þinn af öllu hjarta þínu og af allri sálu þinni og af öllum mætti þínum.“ 5M 6.4-5. En kjarni dæmisögunnar um vínviðinn er kærleikur til Jesú



Lestu 15:1-17 aftur í Biblíunni þinni. Útskýrðu hvers konar samband Jesús vill hafa við þig.

Hér eru þrír punktar í viðbót um hvers konar sambandi Jesús leitar að:

1. **Jesús vill elska okkur og að við elskum hann:** „Ég hef ELSKAÐ yður, eins og faðirinn hefur ELSKAÐ mig. Verið stöðugir í ELSKU minni. Ef þér haldið boðorð mín, verðið þér stöðugir í ELSKU minni, eins og ég hef haldið boðorð föður míns og er stöðugur í ELSKU hans.” (vers 9-10)
2. **Jesús þráir að hans eigin gleði sé í okkur svo við megum einnig gleðjast:** „Þetta hef ég talað til yðar, til þess að FÖGNUMÐUR minn sé í yður og FÖGNUMÐUR yðar sé fullkominn.” (11. vers)
3. **Jesús þráir að samband hans við okkur sé mjög persónulegt, ekki fjarlæggt og kennisettingalegt:** „Þér eruð VINIR mínir, ef þér gjörð það, sem ég býð yður. Ég kalla yður ekki framfar þjóna, því þjónninn veit ekki, hvað herra hans gjörir. En ég kalla yður VINI, því ég hef kunngjört yður allt, sem ég heyrði af föður mínum.” (vers 14-15)

Jesús vill ekki eiga í formlegu sambandi við okkur. Hann þráir að vera með okkur, og að við séum með honum.

Davíð lýsir þessum tilfinningum sem sínum eigin þegar hann yrkir: „Eins og hindin, sem þráir vatnslindir, þráir sál mín þig, ó Guð.” (Sl 42:1) Þegar við þráum það að vera persónulega nálæg Jesú erum við aðeins að deila með honum hans eigin þrá. Og það er þá að við tengjumst hjarta Krists.



**Er þrá þín effir Jesú samhljóða tilfinningu Davíðs í Sl 42:1?
Hvernig er hægt að dýpka löngun sína effir Jesú?**



Tenging 3

Að tengjast vilja Jesú gegnum
ákvarðanir okkar



Að vera lærisveinn er val

Jesús þvingar aldrei sér og hugmyndum sínum á okkur. Þegar hann lýsir því vali sem við höfum til að tengjast honum (í dæmisögunni um vínviðinn) byrjar Jesús fjórum sinnum á orðinu „ef“.



Lesu aftur 15:1-17. Hvað segir Jesú að ákvarðanir okkar hafi í för með sér?

Hér eru fjórir punktar í viðbót um mátt ákvarðana frá textanum:

1. **Hæfni mín til að bera ávöxt (endurspegla lyndiseinkunn Jesú) byggist á ákvörðunum mínum**
„Sá ber mikinn ávöxt, sem er í mér og ég í honum...”
(5. vers)
2. **Endanleg örlög mín byggjast á ákvörðunum mínum:**
„Hverjum sem er ekki í mér, verður varpað út eins og greinunum, og hann visnar. Þeim er safnað saman og varpað á eld og brennt.” (6. vers)
3. **Ákvarðanir mínar segja til um hvort bænum mínum verður svarað:** „EF þér eruð í mér og orð mín eru í yður, þá biðjið um hvað sem þér viljið, og yður mun veitast það.” (7. vers)
4. **Ákvarðanir mínar segja til um hve nálæg(ur) ég er Jesú:** „EF þér haldið boðorð mín, verðið þér stöðugir í elsku minni, eins og ég hef haldið boðorð föður míns og er stöðugur í elsku hans.” (10. vers)

Ef við kjósum að fylgja Jesú munum við læra að beygja vilja okkar undir vilja hans. Í hvert skipti sem við kjósum að fylgja þeim orðum Guðs sem hann hefur gefið okkur til leiðbeiningar á vegum ríkis hans, þá erum við að tengja vilja okkar við vilja Jesú á ný.



To what extent are you making conscious choices about being a disciple of Jesus? To what extent do you think your discipleship to Jesus is dependent upon your own choices?



Tenging 4

Að tengjast verki Jesú gegnum
fórnúsa þjónustu



Að tengjast öðrum

Það að bera ávöxt – endurspegla lyndiseinkunn Jesú – er ekki reynsla sem maður getur haft út af fyrir sig. Því það að bera ávöxt felur í sér þjónustu við aðra. Í Jóhannesi 15:12-13 útskýrir Jesús að við getum aðeins verið stöðug í elsku hans ef við elskum aðra í verki:

Þetta er mitt boðorð, að þér elskið hver annan, eins og ég hef elskað yður. Enginn á meiri kærleik en þann að leggja líf sitt í sölurnar fyrir vini sína.



Lestu Jóhannes 15:12-13 í Biblíunni þinni. Hvað telur þú að Jesús vilji að við lærum út frá þessum versum?

Meginmarkmið Jesú á jörð var að fórna sér í þjónustu fyrir aðra. Þetta er enn sama markmið hans, því hann hefur skipulagt allan himininn til þjónustu við frelsun eins margra sálna á jörðu og mögulegt er. Svo tengsl við Jesú fela í sér að tengsl við það verk sem hann vinnur og þráir að að vinna allt í kringum okkur – sem er að frelsa aðra og leiða þá til sama nána sambands við hann og við höfum.

En það sama á við um okkur og Jesú: Þetta getum við aðeins gert ef við erum viljug til að færa fórnir í þjónustu okkar.



Hversu auðvelt átt þú með að fórna fyrir aðra? Hvað gerir manni kleift að vera fórnfús í garð annarra, jafnvel þegar það er óþægilegt og sársaukafullt?



Eingöngu postuladómur?

**Guð ætlaði okkur að vaxa
og þroskast í samfélagi**

Þó Jesús sé ávallt með okkur og gefi okkur allt sem við þurfum til að lifa innihaldsríku og gefandi lífi, þá munum við samt vissulega mæta áskorunum þegar við ákveðum í einurð að verða lærisveinar hans.



1. áskorun

Fyrsta áskorunin erum við sjálf. Allt frá því að Adam og Eva syndguðu hafa mennirnir fæðst með tilhneigingu til að lifa í mótsögn við Guð og ríki hans. Davíð segir: „ Sjá, sekur var ég, er ég varð til, syndugur, er móðir mín fæddi mig." (Sálmur 51:5) Svo þegar við ákveðum að fylgja Kristi höfum við þegar margar syndugar venjur sem eru svo djúpstæðar að það er erfitt að vinna á þeim í einu veffangi.



2. áskorun

Næsta áskorun er hinn yfirnáttúrulegi óvinur okkar. Páll skrifar: „ Því að baráttan, sem vér eigum í, er ekki við menn af holdi og blóði, heldur við tignirnar og völdin, við heimsdrottna þessa myrkurs, við andaverur vonskunnar í himingeimnum." (Efesus 6:12) Við getum ekki barist gegn slíkum yfirnáttúrulegum fjanðmanni sem hefur yfirnáttúrulegan kraft í okkar eigin mætti.

Við þurfum stöðugt á yfirnáttúrulegum mætti að halda sem aðeins Guð getur veitt okkur.

Hvernig tökumst við svo á við þessar áskoranir sem lærisveinar Jesú? Salómon veitir okkur mjög hjálplega og hagnýta ráðleggingu frá sinni eigin löngu reynslu.



Lestu Prédikarann 4:9-12. Hvað er Salómon að reyna að kenna okkur í þessum versum? Hvernig getum við nýtt okkur þessi vers til að styðja hvert annað í því að vera lærisveinar Jesú?



Nauðsyn andlegs stuðnings

Stuðningur annarra er nauðsynlegur á öllum sviðum lífsins, en þetta á einkum við í hinu andlega lífi. Þess vegna skapaði Guð okkur til þess að lifa í kristnu samfélagi hvert við annað sem söfnuður, svo við gætum stöðugt verið innan um hvert annað til að hvetja og styðja. Páll segir að þegar við vinnum saman sem einn líkami að við

*verðum fullþroska og náum
vaxtartakmarki Krists fyllingar.
Efesusbréfið 4:13*

Við þurfum á hvort öðru að halda til að vaxa!

TENGJUMST TIL AÐ ENDURSPUGLA JESÚ

Og hvað með þig sem hefur helgað þig því að endurspeglu lyndiseinkunn Jesú? Ég hvet þig til þess að reyna það ekki einn. Finndu einhvern sem getur verið þér samferða í þeirri för, svo þið getið hvatt og stutt hvert annað, og umfram allt beðið hvert fyrir öðru.



Hver gæti ferðast með mér?

Ef þú ert að leita að einhverjum sem gæti hjálpað þér að tengjast Jesú skaltu leita leiðsagnar Guðs í bæn. Hugleiddu síðan eftirfarandi spurningar:

1. Vil ég njóta leiðsagnar kristins einstaklings sem er þroskaðari en ég, eða einhvers sem er á sama stað og ég í andlegum þroska?
2. Hver getur verið mér andleg hvatning og stuðningur – og hvern get ég hvatt og stutt andlega?
3. Með hverjum líður mér vel og get ég treyst?
4. Er einhver sem getur gefið mér góð ráð, t.d. prestur eða góður vinur?



Hver gæti ferðast með mér svo við gætum hughreyst og stutt hvor annan?

Haltu áfram að biðja Guð um leiðsögn, þannig að hann mætti leiða rétta aðilann inn í líf þitt til þess að þið mættuð vaxa andlega í sameiningu.



Förin skipulögð

Líf mitt með Guði þroskast mest þegar ég ákveð meðvitað að lifa fyrir hann



Vertu viðbúinn!

Það hefur alltaf verið mikilvægt að undirbúa sig fyrir himnaríki. En nú eru táknið um skjóta endurkomu Jesú allt í kringum okkur, svo mikilvægi þess að endurspeglu lyndiseinkunn Jesú er enn meira.



Mundu að meta kostnaðinn

Engu að síður vill Jesús ekki að við fylgjum honum fyrr en við höfum metið kostnaðinn – því kostnaðurinn við að fylgja Jesú er allt sem við höfum og erum (Lúkas 14:27). Áður en við fylgjum honum vill Jesús að við íhugum það gaumgæfilega hvort við séum reiðubúin að greiða þann kostnað.



Lestu Lúkas 14:25-30. Hver gæti sá kostnaður verið sem þú þarft að greiða ef þú ákveður að að fylgja Jesú sem lærisveinn af öllu hjarta?



Þetta mun ekki gerast fyrir tilviljun

Þegar við höfum íhugað þetta gaumgæfilega og erum reiðubúin að greiða kostnaðinn er líf okkar þar með helgað því að heiðra Jesú með því að endurspegla lyndiseinkunn hans til heimsins. En slík endurspeglun gerist ekki fyrir tilviljun. Við getum aðeins endurspeglað lyndiseinkunn Krists með því að taka ákvarðanir sem eru í samræmi við Biblíuna og styrktar af Andanum. Mundu að ef við fæðumst ekki daglega af Andanum er hin mennska tilhneiging okkar ætíð sú að fara gegn Guði. Og þar sem Satan og englar hans eru ávallt tilbúnir að afvegaleiða okkur frá Guðs ríki þurfum við að vera á varðbergi í huga og hjarta og reiðubúin til sérhvers verks ef við viljum lifa fyrir Guð.



Tenginga áætlun

Næstu blaðsíður eru tenginga blaðsíður. Þær eru til þess að hjálpa þér að einbeita þér að því verða sterkari í einni af þeim fjórum tengingum sem tengja þig við Jesú og mátt hans.

Byrjaðu með því að spyrja Guð hver séu markmið hans og áætlun fyrir líf þitt. Fylltu síðan tengingaáætlunina út með efftirfarandi í huga (hér á eftir er dæmi um slíka áætlun):

1. **Lengd áætlunarinnar.** Dagsettu upphaf og endi svo þú getir einbeitt þér betur að áætluninni. Hún getur verið eins löng eða stutt eins og þú vilt.
2. **Markmiðið.** Þú getur valið eitthvert markmið sem tengist einum af fjórum tengingunum sem tengja LÍF MITT MEÐ GUÐI: að tengjast huga Jesú gegnum orð hans; að tengjast vilja Jesú með því að taka góðar ákvarðanir; að tengjast hjarta Jesú með því að vera honum nálægur; að tengjast starfi Jesú gegnum fórnfúsa þjónustu.
3. **Áætlunin í framkvæmd.** Það er auðvelt að hafa markmið, en mun erfiðara að ná þeim! Skrifaðu niður

þá hluti sem þú getur byrjað að gera til að uppfylla markmið Guðs í lífi þínu.

4. **Sjálfsmat.** Þegar þú hefur lokið við áætlun þína skaltu spyrja þig: „Endurspeglu ég Krist betur?“ Hvað tókst þér best og hvers vegna? Gekk sumt ekki upp? Hvers vegna? Mundu að við lærum oft mest af mistökum okkar, svo ekki láta hugfallast ef allt gengur ekki upp samkvæmt áætlun. Guð mun áfram vera með þér. Allar nægtir himinsins standa þér til boða, til þess að vaxa í líkingu hans.

*En honum, sem í oss verkar með krafti sínum og
megnar að gjöra langt fram yfir allt það,
sem vér biðjum eða skynjum, honum sé dýrð í
kirkjunni og í Kristi Jesú um öll
æviskeið, öld eftir öld. Amen.*

Bréf Páls til Efesusmanna 3:20-21

Tenginga áætlunin mín



Frá júní til September vil ég styrkja samband mitt við Jesú með því að móta postuladómsáætlun til þess að endurspeglu lyndiseinkunn Jesú á eftirfarandi sviðum:

- huga Jesú með því að rannsaka orð hans
- vilja Jesú með því taka góðar ákvarðanir
- hjarta Jesú með því að vera í nánú sambandi við hann
- starf Jesú gegnum fórnfúsa þjónustu fyrir aðra



Markmið mitt er að:

Dýpka bænalíf mitt með Guði



Ég mun reyna að ná þessu markmiði með því að:

1. Verja a.m.k. 10 mínútum í bæn kvölds og morgna. 2. Spyrja

Jónu hvort hún vilji biðja með mér einu sinni í viku. 3. Rannsaka

bænar Páls í Nýja testamentinu til að læra um hvað hann lagði

Vér erum smíð Guðs, skapaðir í Kristi Jesú til góðra verka, sem hann hefur áður fyrirbúið, til þess að vér skyldum leggja stund á þau.

Páll, Efesus 2:10

TENGJUMST TIL AÐ ENDURSPUGLA JESÚ

áherslu á þegar hann bað fyrir öðrum. 4. Að fá leiðbeinanda minn til að biðja þess að Heilagur Andi megji vekja hjá mér dýpri löngun til bæna og ánægju í því að verja tíma í návist Guðs.



Sjálfsmat: Hvernig gengu áætlanir mínar í þetta skiptið? Hvað gekk og hvað gekk ekki, og hvað get ég gert betur í framtíðinni?

Ég tók eftir því að ég fór að biðja miklu meira en vanalega.

Guð er að verða miklu raunverulegri en mér fannst hann

vera áður – sem er stórkostlegt! Og ég er miklu meðvitadri

um nærveru hans núna. Þetta er í fyrsta skiptið sem ég

prófa svona áætlun. Ég náði að klára sumt, en rann út á

tíma áður en ég náði að klára öll atriðin. Ég held ég reyni að

ljúka þeim atriðum í næstu áætlun.

Þess vegna, mínir elskuðu, þér sem ætíð hafið verið hlýðnir, vinnið nú að sálhjálp yðar með ugg og ótta eins og þegar ég var hjá yður, því fremur nú, þegar ég er fjarri. Því að það er Guð, sem verkar í yður bæði að vilja og framkvæma sér til velþóknunar. Páll, Filippibréfið 2:12-13.

Tenginga áætlunin mín



Frá _____ til _____ vil ég styrkja samband mitt við Jesú með því að móta postuladómsáætlun til þess að endurspeglar lyndiseinkunn Jesú á eftirfarandi sviðum:

- huga Jesú með því að rannsaka orð hans
- vilja Jesú með því taka góðar ákvarðanir
- hjarta Jesú með því að vera í nánú sambandi við hann
- starf Jesú gegnum fórnfúsa þjónustu fyrir aðra



Markmið mitt er að:



Ég mun reyna að ná þessu markmiði með því að:

Vér erum smíð Guðs, skapaðir í Kristi Jesú til góðra verka, sem hann hefur áður fyrirbúið, til þess að vér skyldum leggja stund á þau.

Páll, Efesus 2:10

TENGJUMST TIL AÐ ENDURSPUGLA JESÚ



Sjálfsmat: Hvernig gengu áætlanir mínar í þetta skiptið?
Hvað gekk og hvað gekk ekki, og hvað get ég gert betur í
framfíðinni?

Þess vegna, mínir elskuðu, þér sem ætíð hafið verið hlýðnir,
vinnið nú að sálhjálp yðar með ugg og ótta eins og þegar
ég var hjá yður, því fremur nú, þegar ég er fjarri. Því að það
er Guð, sem verkar í yður bæði að vilja og framkvæma sér til
velþóknunar. Páll, Filippíbréfið 2:12-13.

